

**Listi yfir lög og reglugerðir er tengjast leit, rannsóknnum og vinnslu olíu
(mars 2007)**

Fjöldmörg lög og reglugerðir tengjast leit, rannsóknnum og vinnslu olíu og í þessum viðauka er að finna yfirlit frá einstökum ráðuneytum um helstu lögin sem þar er um að ræða.

Dómsmálaráðuneyti:

1. Lög, reglugerðir og reglur er varða olíuleit, rannsóknir og vinnslu:

- Lög um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 52/2006.
Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd laganna, sbr. 28. gr. auk þess sem 2. mgr. 13. gr. segir að hann setji reglugerð um stjórnun björgunaraðgerða og samvinnu við aðra björgunaraðila.
- Lög um samræmda neyðarsímsvörðun, nr. 25/1995.
- Landhelgisgæslan hefur einnig viðtækt eftirlit með mengunarlögsögu, sbr. ákvæði í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004.

2. Leyfisveitingar

- **Lagt er til** að leyfi til leitar, rannsókna og vinnslu skv. kolvetnislögum verði háð því skilyrði að öll farartæki sem tengjast tilrauna- og vinnsluborþöllum skuli búin sjálfvirkum fjareftirlitsbúnaði (Automatic positioning system INMARSAT C) og jafnval auðkenningarbúnaði (Automatic Identification System AIS). Þannig yrðu þessir aðilar í sjálfvirku eftirliti hjá LHG/vaktstöð siglinga. (Norðmenn hafa málum með þessum hætti). Þetta er nauðsynlegt bæði með tilliti til öryggisgæslu, björgunarþjónustu og tilkynninga til sjófarenda um faratálma á sjó.
- Landhelgisgæslan ber ábyrgð á sjómælingum og sjókortagerð og hlýtur sá þáttur að skipta miklu við rannsóknir og leit að kolvetni á hafsbotninum. Við rannsóknir og leit verða auk þess til mikilvæg mælingagögn sem nýst geta til sjókortagerðar og er í því sambandi **lagt til** að skilyrði fyrir leyfisveitingu að íslenska ríkið fái síðar afnot af mælingagögnum til sjókortagerðar. Landhelgisgæslan getur veitt leyfishafa þjónustu á þessu sviði og gert um það sérstakan samning skv. 17. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands.
- **Lagt er til** að leyfi verði háð því að leyfishafi gangi frá samningum að því er varðar sérstakar björgunaraðgerðir sbr. SAR (Search and Rescue) samninga sem gerðir hafa verið að skilyrði fyrir leyfum í Kanada og Noregi.

3. Eftirlit:

Mengunarvarnir:

- Landhelgisgæsla annast eftirlit á hafsvæðum umhverfis Ísland, jafnt úr lofti sem af sjó, skv. 5. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda. Með viðamikilli rannsóknarstarfsemi vegna olíuleitar í mengunarlögsögu Íslands mun skipa- og flugumferð aukast, sem kallar á aukið eftirlit LHG.
- **Tilkynningarskylda aðila:** Skv. 1. mgr. 12. gr. laga um varnir og mengun hafs og stranda ber eigendum skipa eða skipstjórnarmönnum eða rekstraraðilum vinnu- og borþalla á hafi úti að tilkynna tafarlaust stjórnstöð LHG um alla losun, varp eða mengun sem lögin ná til innan mengunarlögsögu Íslands, nema um sé að ræða varp eða losun sem sérstaklega er heimil skv. lögnum. Skip sem flytja olíu og/eða hættulegan varning er skv. 2. mgr. 2. gr. skylt að tilkynna sig reglulega til Vaktstöðvar siglinga, sem LHG fer með faglega stjórnun í. Skv. 3. mgr. ber vaktstöðinni að miðla tilkynningum til LHG.
- Umhverfisstofnun getur leitað aðstoðar LHG, sbr. 24. gr. laga um verndun hafs og stranda, vegna athugunar án dómsúrskurðar í skipum og á vinnu- og borþöllum á hafi, ef talin er hætt á mengun hafs og stranda.
- Íhlutun LHG vegna bráðamengunar innan mengunarlögsögu sbr. 15. gr. laga um verndun hafs og stranda.
- Lögregla og LHG eru Umhverfisstofnun innan handar varðandi ýmis þvingunarúrræði varðandi brotlega aðila, sbr. 22. gr. laga um varnir og mengun hafs og stranda.
- Skv. 4. tl. 5. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands er LHG heimilt að gera þjónustusamninga um mengunarvarnir og mengunareftirlit á hafinu, og segir í greinargerð með ákvæðinu að með þessu sé fagráðuneyti á þessu sviði gert kleift að hafa áhrif á umfang eftirlitsins og jafnvel þann búnað sem LHG hefur yfir að ráða til að bregðast við mengun.

Björgunarþjónusta:

- LHG sinnir öryggisgæslu og björgun á hafi úti, skv. 1. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands, og eru verkefni hennar nánar talin upp í 4. gr. laganna.

Lögregluvald:

- Áhöfnun faratækja á sjó eða hafstöðva er skylt að hlýða fyrirmælum LHG, sbr. 7. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands og fjallað er nánar um lögregluvald LHG í efnahagslögsögu Íslands í II. kafla laganna.

Tilkynningar til sjófarenda vegna farartálma á sjó, dýptarupplýsingar:

- Það er í verkahring LHG á að veita sjófarendum upplýsingar um faratálma, mæla dýpt sjávar og gera sjókort skv. 4. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands. LHG þarf því að fá upplýsingar um staðsetningu borpalla og borhola og ferðir rannsóknarskipa.
- Skv. 1. mgr. 9. gr. laga um vitamál nr. 132/1999 skal Siglingastofnun Íslands sjá um að allar breytingar á leiðbeiningum til öryggis í siglingum verði tilkynntar sjófarendum en auglýsingar skulu birtar minnst mánaðarlega í *Tilkynningum til sjófarenda* sem Sjósmælingar Íslands (LHG) gefa út. T.d. ef mannvirki eru skilin eftir að tilraunaborunum loknum er nauðsynlegt að tilkynningar um staðsetningu þeirra berist Siglingastofnun sem lætur LHG þessar upplýsingar í té.
- Einnig ber skv. 10. gr. laga um vitamál eiganda að tilkynna Siglingastofnun um hvers kyns farartálma á sjó. Siglingastofnun tilkynnir LHG um legu og merkingu hvers kyns fljótandi mannvirkja á sjó sem kemur upplýsingum til Tilkynninga til sjófarenda. Þá er hægt að hugsa sér að kaplar sem rannsóknarskip draga á eftir sér flokkist sem farartálmar.

Siglingavernd:

- LHG hefur eftirlit með að lögum um siglingavernd sé framfylgt á hafinu umhverfis Ísland í samræmi við ákvæði alþjóðasamninga skv. 7. mgr. 4. gr. laga um siglingavernd.

Félagsmálaráðuneyti: Helstu lög er varða réttindi og skyldur á innlendum vinnumarkaði:

- Lög nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.
- Lög nr. 80/1938, stéttarfélag og vinnudeilur, með síðari breytingum.
- Lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.
- Lög nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum.
- Lög nr. 54/2001, um starfskjör starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja, með síðari breytingum.
- Lög nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, með síðari breytingum.
- Lög nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.
- Lög nr. 139/2003, um tímabundna ráðningu starfsmanna.
- Lög nr. 10/2004, um starfsmenn í hlutastörfum.
- Lög nr. 139/2005, um starfsmannaleigur.
- Lög nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa.
- Lög nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof.
- Lög nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar.
- Lög nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir.
- Lög nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlegra fatlaðra barna.

Fjármálaráðuneyti:

Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Heilbrigðisráðuneyti:

Lög nr. 44/2002, um geislavarnir.

Iðnaðarráðuneyti:**1. Lög, reglugerðir og reglur er varða olíuleit, rannsóknir og vinnslu:**

- Lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001.
- Reglur um veitingu leyfa til leitar að kolvetni, nr. 553/2001.
- Lög um eignarétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, nr. 73/1990.
- Lög um Orkustofnun, nr. 87/2003.
- Reglugerð um Orkustofnun, nr. 308/2004.
- Fyrirmyndir að leyfum (model license) fyrir leit og fyrir rannsóknir og vinnslu.
- Heimild í kolvetnislögunum til að setja **reglugerð** um nánari framkvæmd laganna.
- Iðnaðarráðherra er heimilt, skv. 4. mgr. 22. gr., kolvetnislaganna að setja nánari **reglur** um vinnuumhverfi og öryggisráðstafanir fyrir hafstöðvar.
- Iðnaðarráðherra setur, skv. 23. gr. kolvetnislaganna, nánari **reglur** um sérstök öryggisbelti umhverfis hafstöðvar í samræmi við alþjóðlegar venjur, þar á meðal um samgöngur og fiskveiðar á svæðinu, og getur hann lagt bann við umferð óviðkomandi skipa og loftfara um svæðið. Þá getur iðnaðarráðherra af öryggisástæðum sett **reglur** sem takmarka rétt skipa til að festa akkeri og stunda veiðar í nágrenni við leiðslubúnað.

2. Leyfisveitingar og samþykki skv. kolvetnislögunum:

- Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis eru háðar **leyfi** iðnaðarráðherra.
- Iðnaðarráðherra veitir **leyfi** til leitar
- Iðnaðarráðherra veitir **leyfi** til rannsókna og vinnslu.
- Boranir í jarðlög undir hafsbotni mega einungis hefjast að fengnu **samþykki** iðnaðarráðherra á búnaði, áætlun um borun og starfsfyrirkomulagi.
- Byggingu og uppsetningu hafstöðvar og vinnslu kolvetnis má einungis hefja að fengnu **samþykki** iðnaðarráðherra.
- Lokun hafstöðvar, þ.m.t. stöðvun á viðhaldi, er háð **samþykki** iðnaðarráðherra.
- Bygging og starfræksla leiðslubúnaðar til vinnslu og flutnings kolvetnis er háð **leyfi** iðnaðarráðherra.
- Bygging og starfræksla leiðslubúnaðar á vegum annars ríkis til flutnings á kolvetni milli landa um landgrunn Íslands er háð **leyfi** iðnaðarráðherra.
- Nái kolvetnisauðlind inn á svæði þar sem tveir eða fleiri hafa rannsóknar- og vinnsluleyfi er leyfishöfum skylt að gera með sér samstarfssamning um framkvæmd rannsókna og vinnslu úr auðlindinni. Samstarfssamningurinn er háður **samþykki** iðnaðarráðherra. Náist ekki samkomulag milli leyfishafanna innan hæfilegs tíma er iðnaðarráðherra **heimilt að kveða á um** innihald hans.

3. Eftirlit:

- Orkustofnun annast eftirlit með leitar-, rannsóknar- og vinnslusvæðum kolvetnis þar sem leyfi hefur verið veitt.

4. Umsagnir skv. kolvetnislögum:

- Áður en veitt er leyfi til leitar skal ráðherra leita **umsagnar** umhverfisráðuneytis og sjávarútvegsráðuneytis.
- Áður en veitt er rannsóknar- og vinnsluleyfi skal ráðherra leita **umsagnar** umhverfis- og sjávarútvegsráðuneytis.
- Áður en veitt er samþykki eða leyfi fyrir einstökum framkvæmdum skv. 14.-18. gr. (boranir í jarðlög undir hafsbotni, bygging og uppsetning hafstöðvar, lokun hafstöðvar, leiðslubúnaður og leiðslubúnaður erlends ríkis) skal ráðherra leita **umsagnar** umhverfisráðuneytis og sjávarútvegsráðuneytis.

5. Tilkynningarskylda handhafa leitarleyfis, skv. reglum nr. 553/2001 um leit að kolvetni:

- Tilkynningarskylda gagnvart Orkustofnun og Landhelgisgæslunni, og Flugmálastjórn ef leitað er með loftfari.

6. Upplýsingasöfnun og skýrslugjöf skv. kolvetnislögum:

- Handhafi leitarleyfis eða rannsóknar- og vinnsluleyfis skal eigi sjaldnar en árlega og við lok leyfistíma senda Orkustofnun skýrslu þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður...
- Leyfishafi skal afhenda gögn og senda sýni af efnum óski Orkustofnun þess.
- Orkustofnun skal safna öllum upplýsingum um landgrunnið sem til verða við starfsemi skv. lögum.
- Orkustofnun gefur iðnaðarráðherra skýrslu um framkvæmd leitar, rannsókna og vinnslu.

Samgönguráðuneyti:

Yfirlit yfir lög og reglugerðir sem kunna að eiga við um verkefnið – leit og vinnsla olíu. Kanna þarf hvort ástæða er til að setja sér reglur á þessu sviði um verkefnið – sérstaklega með tilliti til vinnuumhverfis og vinnuverndar.

I. Siglingamál.

(varða m.a. skip er stunda leit – hafstöðvar – flutningar til og frá landi – vinna um borð í skipum og á hafstöðvum)

1. Lög 6/1996 um Siglingastofnun Íslands

- Yfirstjórn mála siglinga-, hafna- og vitamála skv. 1. gr. og framkvæmd mála skv. 2. gr.
- Verkefni skv. 3. gr.

2. Lög nr. 47/2003 um eftirlit með skipum.

- Gildissvið laganna eru öll íslensk skip sbr. 1. mgr. 1. gr.
- Ráðherra getur ákveðið í reglugerð að gildi um erlend skip innan íslenskrar lögsögu og að eftirlit skuli haft með öryggi annarra skipa á sjó, sbr. 2. mgr. 1. gr.
- II. kafli laganna, eftirlit með skipum, smíði, búnaður, mengunarvarnir, aðbúnaður og vinnuskilyrði.
- Framkvæmdin er hjá Siglingastofnun skv. 12. gr.
- **Reglugerð nr. 786/1998** með síðari breytingum um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum. Gildir um alla vinnu sem fer fram um borð í skipum sbr. 2. gr.
- **Ýmsar vinnutengdar reglugerðir, með stoð í lögum 47/2003, t.d.:**
 1. 179/1985 um hávaðamörk í íslenskum skipum
 2. 680/2004 um vinnu- og hvíldartíma skipverja á farþega- og flutningaskipum
 3. 440/1980 reglur um vinnuöryggi á flutningaskipum og farþegaskipum
 4. 429/1995 um öryggisráðstafanir við vinnu í lokuðum rýmum

3. Lög nr. 46/1980 aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

- Skv. 2. mgr. 2. gr. er undanþegið lögum:

Siglingamál og önnur verkefni sem sérstaklega eru falin Siglingastofnun – einnig alþjóðasamþykktir sem Ísland er og verður aðili að og falla undir verksvið Siglingastofnunar, þar með talið um gáma, um flutning á hættulegum efnum, um mengun sjávar og fleira skv. 1. gr. fer Siglingastofnun með mál er varða vinnu á sjó.
- Lögin ná til fermingar og affermingar skipa, til viðgerða um borð í skipum og starfsemi því tengda en ekki til búnaðar í skipum sem notaður er í þeim tilgangi, sbr. 2. mgr. 3. gr.

4. Lög nr. 41/2003 um vaktstöð siglinga – reglugerð 672/2006

- Markmið að tryggja öruggar siglingar í íslenskri efnahagslögsögu, öryggi skipa, farþega og áhafna og efla varnir gegn mengun sjávar frá skiptum, sbr. 2. gr.
- Tilkynningakerfi skipa, sbr. 2. gr., veiting öryggisþjónustu, m.a.
 1. móttaka og miðlun tilkynninga frá skipum sem flytja hættulegan og/eða mengandi varning, sbr. b-liður, sbr. D-liður II. kafla.
 2. móttaka og miðlun neyðarkalla á sjó, sbr. c-liður.
 3. vöktun alþjóðlegs neyðar- og öryggisfjarskiptakerfis skipa, sbr. e-liður
 4. móttaka tilkynninga um farartálma á sjó, sbr. g-liður
 5. samskipti við hafnir sem Siglingastofnun hefur tilnefnt sem neyðarhafnir, sbr. h-liður
- Tilkynningarskylda skipa, sbr. II. kafla. Öll íslensk skip og erlend skip sem sigla inn í íslenska efnahagslögsögu, sbr. 6. gr.
- Tilkynningar um óhapp og slys á sjó, sbr. D-liður II. kafla.
- Hafnsaga og leiðsaga, sbr. III. kalfa

5. Lög nr. 50/2004 um siglingavernd.

- Gildissvið skv. 2. gr., farþegaskip, flutningaskip 500 brúttótonn eða stærri og færanlegir borþallar.
- Markmið er vernd fyrir hvers kyns ógn af hryðjuverkum og örðum ólögætum aðgerðum.
- Framkvæmd laganna er hjá m.a. Siglingastofnun, sbr. 4. gr., tiltekið ábyrgðarhlutverk.
- Landhelgisgæslan hefur eftirlit með að lögunum sé framfylgt á hafinu umhverfis Ísland, sbr. 7. mgr. 4. gr.
- II. kafla Skipavernd.
- III. kafla Hafnvernd.

6. Lög nr. 68/2000 um rannsókn sjóslysa - reglugerð nr. 133/2001.

- Taka til slysa og atvika til sjós sbr. 1. gr.
- Lögsaga nefndarinnar sbr. 5. gr. laganna, tekur til allra íslenskra skipa og allra erlendra í siglingum að og frá landinu ef sjóslys varða íslenska hagsmuni, heimild til rannsókna annarra slysa/atvika er varðandi erlend er koma til landsins eða í íslenska efnahagslögsögu.
- Taka til sjóslysa – sbr. 3. gr. reglugerðar.

7. Lög nr. 31/1996 um köfun - reglugerð nr. 535/2001 um köfun.

- Gilda um alla köfun við landið og frá íslenskum skipum skv. 1. gr. sbr. 1. gr. reglugerðar
- Umsjón og eftirlit er hjá Siglingastofnun skv. 6. gr., sbr. 3. gr. reglugerðar
- Allur köfunarbúnaður skal viðurkenndur af Siglingastofnun áður en hann er tekinn í notkun, sbr. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar.
- Ýmis ákvæði reglugerðar um kennslu og útgáfu atvinnuköfunarskírteina, skv. 16. gr. skal Siglingastofnun viðurkenna nám á EES svæðinu ef það hefur formlega viðurkenningu í sínu ríki, nám annars staðar skal uppfylla ákvæði námsskrár skv. mati Siglingastofnunar.
- **Reglugerð nr. 535/2001**
gildir um allar athafnir sem gerðar eru við köfun í atvinnuskyni ... við stendur landsins eða frá íslenskum skipum hér við land, sbr. 1. gr.

8. Lög nr. 132/1998 um vitamál.

- Yfirstjórn vitamála er hjá Siglingastofnunar sbr. 1. gr. og ber að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til öryggis í siglingum við strendur Íslands og á fiskimiðum í kringum landið, sbr. 2. gr.
- Leiðbeiningar, m.a. upplýsingar um veður og sjólag, fljótandi leiðarmerki og radiómerki, sbr. 2. mgr. 2. gr.
- Tilkynningarskylda vegna allra breytinga á leiðbeiningum til öryggis í siglingum, sbr. 9. gr.
- Skylt að afla samþykkis Siglingastofnunar fyrir legu sæstrengja eða neðansjárleiðslna, sbr. 5. mgr. 10. gr.
- Skylt að leita umsagnar Siglingastofnunar um legu og merkingu hvers kyns fljótandi mannvirkja á sjó, sbr. 6. mgr. 5. gr.

9. Lög nr. 33/2004 um mengunarvarnir,

- Siglingastofnun er ráðgjafaaðili umhverfisráðherra um atriði sem eiga undir lögin, sbr. 5. gr.
- Siglingastofnun annast mál er varða lög um varnir gegn mengun sjávar og reglugerða samkvæmt þeim að því leyti er varðar skip og búnað þeirra skv. reglum sem umhverfisráðherra setur, sbr. 5. tl. 1. mgr. 3. gr. laga um Siglingastofnun Íslands.

10. Lög nr. 146/2000 um mælingu skipa.

- Gilda um íslensk skip sem skráð eru á íslenska skipaskrá, sbr. 1. gr.
- Mælingarskylda, sbr. 2. gr.

11. Lög nr. 115/1985 um skráningu skipa.

- Skráningarskylda skipa sem eru 6 metrar á lengd eða stærri, sbr. 1. gr.
- Réttur/heimild til skráninga hér á landi, sbr. 1. gr.

II. Flugmál.

(varða m.a. loftför sem stunda leit – flutningur til og frá hafstöð/skipum – flutningur til og frá Íslandi)

1. Loffferðalög nr. 60/1998 með síðari breytingum.

- Gildissvið skv. 1. gr. er íslenskt yfirráðasvæði.
- Loftfar – skilgreining skv. 2. gr. m.a. þyrlur.
- Heimild til flugs loftfara í íslenskri lofthelgi, skv. 3. gr.
- Lofthæfiskröfur skv. IV. kafla, eftirlit Flugmálastjórnar og heimild til undanþágu.
- Loftferðir í atvinnuskyni yfir íslensku yfirráðasvæði er háð leyfi Flugmálastjórnar, skv. 80. gr. – flugrekstrarleyfi.
- IX kafli – gildir um allan flutning í loftfari á farþegum, farangri og farmi gegn greiðslu, skv. 86. gr.
- Heimild Flugmálastjóra að banna för loftfars, skv. 135. gr.
- Heimild Flugmálastjórnar til að krefjast upplýsinga og skylda til að láta í té, skv. 138. gr.
- Ýmsar reglugerðir er varða margvíslega þætti loftferða - kunna að eiga við.

2. Reglugerð 193/2006 um flutningaflug.

- Gildir um flutningaflug með íslenskum og erlendum flugvélum og eða þyrlum sem íslenskur flugrekandi notar eða ræður yfir. Um flutningaflug með flugvélum gildir I. og II. og IV. hluti reglugerðar þessarar og um flutningaflug með þyrlum gildir I., III. og IV. hluti reglugerðar þessarar, sbr. 2.0. sbr. auglýsing 1184/2005.

3. Lög um rannsókn flugslysa, nr. 35/2004 – reglugerð 80/2006 og reglugerð 53/2006.

- Skipulag skv. 3. gr., rannsóknarnefnd flugslysa fer með rannsóknir.
- Lögsaga rannsóknarnefndarinnar tekur til íslensks yfirráðasvæðis og þess flugstjórnarsvæðis sem Ísland veitir þjónustu á, sbr. 7. gr.
- Tilkynningarskylda skv. 11. gr.

Sjávarútvegsráðuneyti:

Lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands

Með lögnum er sjávarútvegsráðherra fengnar heimildir til að banna með reglugerðum, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, veiðar á tilteknum svæðum, í því skyni að koma í veg fyrir veiðar sem teljast skaðlegar með tilliti til hagkvæmrar nýtingar nytjastofna.

Sjávarútvegsráðuneytið leggur áherslu á tryggt verði að ákvæði laga nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, sem og reglur sem settar eru samkvæmt þeim og ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra taki fullnægjandi tillit til fiskveiðihagsmuna og samræmist svo vel sem kostur er lögum og reglum er varða stjórn fiskveiða og þeirri framkvæmd sem tíðkast á því sviði.

Umhverfisráðuneyti:

1. Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda með síðari breytingum.

Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda ná yfir framkvæmdir vegna leitar og borunar eftir olíu í mengunarlögsögu Íslands. Hafstöðvar falla undir gildissvið laganna. Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um m.a.

- búnað skipa, palla, annarra mannvirkja á hafi úti og fyrirtækja í landi til varnar gegn mengun hafs og stranda af völdum olíu og um eftirlit með þessum búnaði,
- ákvæði um losun á skolpi í hafið frá skipum, pöllum og öðrum mannvirkjum á hafi úti,
- varp efna og hluta í hafið,
- hvernig staðið skuli að lagningu sæstrengja, neðansjárleiðslna og hvers konar mannvirkja á hafsbotni,
- starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem fellur undir lög þessi,
- bann eða takmörkun á mengun frá skipum, pöllum og öðrum mannvirkjum á sjó eða landstöðvum í samræmi við þá viðauka MARPOL-samningsins og aðra alþjóðasamninga sem Ísland hefur gerst aðili að,
- ábyrgðir og tryggingar vegna atvinnustarfsemi sem ber hlutlæga ábyrgð á bráðamengun í samræmi við ákvæði gildandi laga,

Leyfi og eftirlit skv. lögnum.

- leyfi til að ákveðnum efnum og hlutum sé varpað í hafið.
- Lagning sæstrengja og neðansjárleiðslna er háð samþykki Umhverfisstofnunar.
- Umhverfisstofnun getur látið fara fram athugun á skipum og vinnu- og borþöllum á hafi án dómsúrskurðar ef talin er hætt á mengun hafs og stranda eða ef mengun hefur orðið sem er brot gegn lögum þessum.
- Eftirlitsaðilar skulu hvenær sem þeir óska þess eiga greiðan aðgang að öllum upplýsingum um búnað til mengunarvarna og um rekstur hans, svo og öllum mælingum eða skýrslum um athuganir sem gerðar hafa verið á vegum eigenda eða rekstraraðila vegna mengunarvarna, hvort sem athuganir þessar hafa verið gerðar að kröfu opinberra aðila eða að frumkvæði eigenda eða rekstraraðila.

Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laganna og ber þeim að afhenda sýni endurgjaldslaust sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlits.

Reglugerðir

Reglur nr. 8/1971 um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu.
Reglur nr. 33/1990 um bann við notkun á gróðurhindandi efnum sem innihalda lífræn efnasambönd tins (tribútýltin).
Reglugerð nr. 715/1995 um varnir gegn mengun sjávar frá skipum.
Reglugerð nr. 465/1998 um viðbrögð við bráðamengun sjávar sbr. reglugerð nr. 203/1999.
Reglugerð nr. 527/1999 um varnir gegn mengun sjávar vegna eittraða efna í fljótandi formi sem flutt eru í geymum skipa.
Reglugerð nr. 619/2000 um bann við notkun á efnum sem innihalda kvikasílfurssambönd, arsenefnasambönd og lífræn efnasambönd tins (tribútýltin), sbr. 878/2002.
Reglugerð nr. 792/2004 um móttöku á úrgangi frá skipum.
Reglugerð nr. 800/2004 um umskipun olíu á rúmsjó.
Reglugerð nr. 801/2004 um varnir gegn sorpmengun frá skipum.
Reglugerð nr. 824/2005 um takmörkun á notkun skaðlegra gróðurhindrandi efna og/eða búnaðar á skip.
Reglugerð nr. 1078/2005 um tryggingar skipa og starfsemi á landi vegna bráðmengunar.

2. Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

Lögin gilda m.a. um útgáfu starfsleyfa vegna mengandi starfsemi.

Leyfi og eftirlit

Starfsleyfi vegna mengandi starfsemi.

Eftirlit með mengandi starfsemi.

Reglugerðir

Reglugerð nr. 533/1993, um kæli og varmadælukerfi með ósoneyðandi kælimiðlum sbr. breytingar nr. 384/1997 og 137/1999
Reglugerð nr. 263/1998 um hættumat í iðnaðarstarfsemi
Reglugerð nr. 323/1998 um innflutning, notkun og förgun PCB, PCT og umhverfisskaðlegra staðgengilsefna þeirra.
Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, Reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit, sbr. nr. 850/2000, nr. 49/2001.
Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði.
Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.
Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.
Reglugerð nr. 802/1999 um losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkamið fyrir losun á kadmíum í yfirborðsvatn.
Reglugerð nr. 805/1999 um úrgang.
Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, sbr. nr. 169/2002.
Reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang.
Reglugerð nr. 810/1999 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.
Reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang, sbr. nr. 428/2003.
Reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald.
Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, sbr. nr. 674/2005.
Reglugerð nr. 224/2005 um gildistöku EES-gerða um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og frá Evrópubandalaginu.
Reglugerð nr. 990/2005 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS).

3. Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 103/2000.

Einstakar framkvæmdir, t.d. borholurnar eru háðar mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar.

Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum.

4. Lög um mat á umhverfisáhrifum áætlana nr. 105 2006.**5. Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum.**

Skipulagsreglugerð

6. Lög nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni með síðari breytingum.

Lögin undirskilja notkun á eiturefnum og hættuleg efnum sem notuð eru í iðnaði og falla undir vinnuverndarlöggjöfina. Þetta þarf að skoða í nánú samstarfi við þann aðila sem mun hafa yfirumsjón með vinnuverndarmálum.

7. Lög nr. 14/1979, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu.

Um ábyrgð eigenda og útgerða olíuflutningaskipa, rétt strandríkja til íhlutunar og um stofnun alþjóðasjóðs um bætur vegna mengunartjóns af völdum olíu sem flutt er í farmtönkum skipa.

8. Lög nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni með síðari breytingum.

9. Lög nr. 75/2000, um brunavarnir.

10. Lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Útanríkisráðuneyti:

- Framkvæmd ákvæða Jan Mayen-samkomulagsins um hið afmarkaða landgrunnsvæði milli Íslands og Jan Mayen.
- Landgrunnsmál Íslands á alþjóðavettvangi, þ.m.t. samningar um skiptingu umdeilda landgrunnssvæða utan 200 sjómílna.